

AUGLÝSING

**um breytingar á samningi um framtíðarsamvinnu ríkja
varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.**

Hinn 15. apríl 2014 var kanadíska utanríkisráðuneytinu afhent samþykktarskjal Íslands vegna breytinga, sem samþykktar voru af Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni í Lissabon hinn 28. september 2007, á samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi frá 24. október 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1978, þar sem samningurinn er birtur. Breytingarnar tóku gildi hvað Ísland varðar hinn 18. maí 2017.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. október 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

BREYTING

Á SAMNINGI UM FRAMTÍÐARSAMVINNU RÍKJA
VARÐANDI FISKVEIÐARÁ NORÐVESTUR-ATLANTSHAFI

Samningsaðilar að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi (hér eftir nefndur „samningurinn“) hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Heiti samningsins verður breytt sem hér segir:
„Samningur um samvinnu varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi“

2. gr.

Inngangsorð samningsins skulu felld brott og í staðinn koma ný inngangsorð er hljóða svo:

„SAMNINGSADILAR,

GERA SÉR LJÓST að strandríki við Norðvestur-Atlantshaf hafa stofnað sérefnahagslögsögur í samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 og hefðbundinn þjóðarrétt, og beita innan þeirra fullveldisrétti í því skyni að rannsaka og hagnýta, vernda og hafa stjórnun á lifandi auðlindum;

MINNAST viðeigandi ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 varðandi verndun og stjórnun deilistofna og fiskistofna sem flakka í miklum mæli frá 4. ágúst 1995, og samnings Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um að stuðla að því að fiskveiðiskip á úthafinu hlíti alþjóðlegum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum frá 24. nóvember 1993;

TAKA TILLIT TIL siðareglna um ábyrgar fiskveiðar, sem samþykktar voru á 28. fundi ráðstefnu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna þann 31. október 1995 og tengdra gerninga sem samþykktir voru af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna;

VIÐURKENNA þann efnahagslega og félagslega ávinning sem sjálfbær nýting fiskauðlinda hefur í för með sér;

ÓSKA þess að stuðla að langtíma verndun og sjálfbærri nýtingu fiskauðlinda í Norðvestur-Atlantshafi;

ERU MEÐVITAÐIR um nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu og samráðs að því er varðar umræddar fiskauðlindir;

HAGA Í HUGA að skilvirk verndun og stjórnun umræddra fiskauðlinda ætti að byggjast á bestu tiltækri vísindalegu ráðgjöf og varúðaraðferðinni;

ÁSETJA SÉR að beita vistkerfisnálguninni við fiskveiðistjórnun í Norðvestur-Atlantshafi, sem felur í sér að staðinn er vörður um sjávarumhverfið, verndun líffræðilegrar fjölbreytni hafsins, lág-mörkun hættu á langtíma eða varanlegum skaðlegum áhrifum fiskveiðistarfsemi, og að tekið er tillit til samspils allra þátta vistkerfisins;

ÁSETJA SÉR ENN FREMUR að stunda fiskveiðistarfsemi með ábyrgum hætti og að koma í veg fyrir, aftra og útrýma ólögum fiskveiðum;

OG HAGA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:“

3. gr.

Greinar 1 – 21 skulu felldar brott og í staðinn koma eftirfarandi nýjar greinar:

„1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „*Samningurinn frá 1982*“ merkir hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982;
- b) „*Samningurinn frá 1995*“ merkir samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 varðandi verndun og stjórnun deilistofna og fiskistofna sem flakka í miklum mæli frá 4. ágúst 1995;
- c) „*Strandríki*“ merkir samningsaðila sem er með sérefnahagslögsögu innan samningssvæðisins;
- d) „*Samningsaðili*“ merkir
 - i. sérhvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur samþykkt að lúta samningi þessum, og sem samningurinn gildir um; og
 - ii. samningur þessi gildir að breyttu breytanda um sérhvern aðila sem vísað er til í lið c), d) og e) 1. mgr. 305. gr. samningsins frá 1982, sem er staðsettur í Norður-Atlantshafinu, og sem gerist aðili að samningi þessum, og að því marki vísar „samningsaðili“ til slíkra aðila.
- e) „*Samningssvæði*“ merkir svæðið sem samningur þessi gildir um, eins og því er lýst í 1. mgr. 4. gr.;
- f) „*Fiskauðlindir*“ merkir allan fisk, lindýr og krabbadýr innan samningssvæðisins að undanskildum:
 - i. botntegundum sem strandríkjum er heimilt að beita fullveldisrétti gagnvart í samræmi við 77. gr. samningsins frá 1982; og
 - ii. að því marki sem þeir lúta stjórn annarra alþjóðlegra samninga, ársæknum og sjósæknum stofnum og flökkutegundum sem taldar eru upp í viðauka I við samninginn frá 1982;
- g) „*Fiskveiðistarfsemi*“ merkir nýting eða vinnsla fiskauðlinda, eða umferming fiskauðlinda eða vara sem unnar eru úr fiskauðlindum, eða sérhver önnur starfsemi sem undirbýr, styður eða tengist nýtingu fiskauðlinda, þ.m.t.:
 - i. leit að eða veiðar á fiskauðlindum, eða tilraun til þess;
 - ii. sérhver starfsemi sem með sanngirni má ætla að leiði til staðsetningar, veiða eða nýtingar fiskauðlinda í hvaða tilgangi sem er; og
 - iii. sérhver aðgerð á hafi úti til stuðnings, eða til undirbúnings, starfsemi af því tagi sem lýst er í þessari skilgreiningu;

en nær ekki yfir aðgerðir sem ráðist er í vegna neyðartilvika er varða heilsu og öryggi áhafnar-meðlims eða öryggi skips;
- h) „*Fiskveiðiskip*“ merkir sérhvert skip sem er eða hefur verið notað við fiskveiðar, þ.m.t. fiskvinnsluskip og skip sem eru notuð til umfermingar eða við aðra starfsemi til undirbúnings eða í tengslum við fiskveiðistarfsemi, eða við fiskveiðar í tilrauna- eða rannsóknarskyni;
- i) „*Fánaríki*“ merkir:
 - i. ríki eða aðila hverra skip eiga rétt til að sigla undir fána þeirra; eða
 - ii. svæðisstofnun um efnahagssamvinnu þar sem skipum er heimilt að sigla undir fána aðildarríkis þeirrar svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu;
- j) „*Ólögmaetar fiskveiðar*“ vísar til starfsemi af því tagi sem lýst er í alþjóðlegri aðgerðaráætlun um að koma í veg fyrir, aftra og útrýma ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum fiskveiðum, sem samþykkt var af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna þann 2. mars 2001;
- k) „*Lifandi auðlindir*“ merkir alla lifandi þætti sjávarvistkerfa;
- l) „*Líffræðileg fjölbreytni hafsins*“ merkir fjölbreytni meðal sjávarlífvera og vistfræðilega umhverfisins sem þau eru hluti af, þ.m.t. fjölbreytni meðal tegunda, fjölbreytni frá einni tegund til annarrar og fjölbreytni vistkerfa;
- m) „*Pegnar*“ tekur hvort tveggja til einstaklinga og lögaðila;
- n) „*Hafnaríki*“ merkir sérhvert ríki þar sem fiskveiðiskip koma til hafnar, að endastöð undan ströndum eða öðru mannvirki, m.a. til löndunar, umfermingar, eldsneytistöku eða til að endurnýja birgðir;
- o) „*Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu*“ merkir svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur verið falið forræði af aðildarríkjum sínum yfir málum sem falla undir samning þennan, þ.m.t. vald til að taka ákvarðanir sem binda aðildarríki hennar að því er slík mál varðar; og

p) „Umráðasvæði“ merkir þann hluta samningssvæðisins sem liggur utan lögsögu einstakra ríkja.

2. gr.

Markmið.

Markmið samnings þessa er að tryggja langtíma verndun og sjálfbæra nýtingu fiskauðlinda á samningssvæðinu og þar með að standa vörð um sjávarvistkerfin þar sem umræddar auðlindir er að finna.

3. gr.

Meginreglur.

Til þess að vinna að markmiðum samnings þessa skulu samningsaðilarnir, hver fyrir sig eða sameiginlega, eftir því sem við á:

- a) stuðla að bestu mögulegu nýtingu og langtíma sjálfbærni fiskauðlinda;
- b) grípa til ráðstafana sem byggja á bestu tiltækri vísindalegu ráðgjöf til að tryggja að fiskauðlindum verði viðhaldið eða byggðar upp að því marki sem nauðsynlegt er til að hámarks sjálfbær nýting verði möguleg;
- c) beita varúðaraðferðinni í samræmi við 6. gr. samningsins frá 1995;
- d) taka viðeigandi tillit til áhrifa fiskveiðistarfsemi á aðrar tegundir og sjávarvistkerfi og gera í því sambandi ráðstafanir til að lágmarka skaðleg áhrif á lifandi auðlindir og sjávarvistkerfi;
- e) gæta að nauðsyn þess að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni hafsins;
- f) koma í veg fyrir eða útrýma ofveiðum og óhóflegri veiðigetu, og tryggja að fiskveiðar verði ekki umfangsmeiri en svo að þær samrýmist sjálfbærri nýtingu fiskauðlinda;
- g) tryggja að tæmandi og nákvæmum upplýsingum um fiskveiðistarfsemi innan samningssvæðisins verði safnað og deilt tímanlega milli samningsaðila;
- h) tryggja að stjórnunarráðstöfunum verði fylgt og að viðurlög gegn brotum séu nægjanlega hörð; og
- i) gæta að nauðsyn þess að lágmarka mengun og úrgang sem stafar af fiskveiðiskipum sem og að lágmarka brottkast, afla sem veiddur er með töpuðum eða yfirgefnum búnaði, veiðar á tegundum sem ekki lúta fiskveiðistjórnun og áhrif á tengdar eða háðar tegundir, einkum tegundir í útrýmingarhættu.

4. gr.

Svæði sem samningurinn gildir á.

1. Samningur þessi gildir á hafsvæði Norðvestur-Atlantshafs norðan 35°00' norður og vestan línu er liggur í norður frá 35°00' norður og 42°00' vestur til 59°00' norður, þaðan í vestur til 44°00' vestur, og þaðan í norður til Grænlandsstrandar, og auk þess hafsvæðin í St. Lawrence-flóa, Davis-sundi og Baffinsflóa, sunnan 78°10' norður.
2. Samningssvæðinu skal skipt í vísindaleg og tölfraðileg undirsvæði, deilissvæði og undirdeilissvæði, og skulu mörk þeirra vera þau sem skilgreind eru í viðauka I við samning þennan.

5. gr.

Stofnunin.

1. Samningsaðilar samþykkja hér með að setja á stofn, starfrækja og efla Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunina, hér eftir nefnd „stofnunin“, sem skal framkvæma verkefni þau er talin eru í samningi þessum í því skyni að ná markmiðum samnings þessa.
2. Stofnunin skal vera skipuð:
 - a) nefnd,
 - b) vísindaráði, og
 - c) skrifstofu.
3. Stofnunin skal vera lögaðili og njóta í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir og landssvæði samningsaðila þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að rækja störf sín og ná tilgangi sínum. Forréttindi og friðhelgi sem stofnunin og starfsmenn hennar eiga að njóta á landssvæði samningsaðila skulu komin undir samkomulagi stofnunarinnar og hlutaðeigandi samningsaðila.

Má þar sérstaklega nefna samkomulag um aðalstöðvar milli stofnunarinnar og þess samningsaðila þar sem stofnunin hefur aðsetur.

4. Formaður nefndarinnar er forseti og helsti fulltrúi stofnunarinnar.
5. Forseti skal kveðja til ársfundar stofnunarinnar á þeim stað og tíma sem nefndin ákveður.
6. Aðalstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Halifax Regional Municipality í Nova Scotia í Kanada eða þeim öðrum stað er nefndin kann að ákveða.

6. gr.

Nefndin.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í nefndinni og skal tilnefna í nefndina einn fulltrúa sem má hafa með sér varamenn, sérfræðinga og ráðgjafa.
2. Nefndin kys sér formann og varaformann til tveggja ára í senn. Heimilt er að endurkjósa þá báða en þeir skulu ekki gegna sama embætti lengur en fjögur ár í senn. Formaður og varaformaður skulu ekki vera fulltrúar sama samningsaðila.
3. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að óska eftir því að nefndin haldi aukafund. Formaður nefndarinnar skal þá kveðja til slíks fundar á þeim stað og tíma sem hann ákveður.
4. Nema kveðið sé á um annað skulu ráðstafanir sem nefndin samþykkir gilda á umráðasvæðinu.
5. Nefndin skal:
 - a) samþykkja og er heimilt að breyta reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna, þ.m.t. verklagsreglum, reglum um fjármál og öðrum reglum,
 - b) stofna undirnefndir eftir því sem hún telur æskilegt til að framkvæma skyldur sínar og veita fyrirsmáli um störf þeirra,
 - c) hafa yfirumsjón með skipulagningu, framkvæmdastjórn, fjárhag og öðrum innri málum stofnunarinnar, þ.á.m. tengslunum milli stjórnardeilda hennar,
 - d) skipa framkvæmdastjóra með þeim skilmálum og skilyrðum sem hún kann að ákveða,
 - e) stýra samskiptum stofnunarinnar við aðra aðila,
 - f) samþykkja fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
 - g) setja reglur er kveða á um að fulltrúum milliríkjastofnana, aðila sem ekki eru samningsaðilar og frjálsra félagasamtaka sé heimilt að fylgjast með fundum hennar, eftir því sem við á. Slíkar reglur skulu ekki fela í sér óhóflegar takmarkanir og skulu kveða á um tímanlegan aðgang að skýrslum og gögnum nefndarinnar,
 - h) framkvæma aðrar þær skyldur og stunda aðra þá starfsemi sem samrýmist samningi þessum sem hún kann að ákveða,
 - i) aðstoða vísindaráðið við að setja sér verkefni og ákveða forgangsörðun, og
 - j) þróa viðeigandi verklag sem samrýmist þjóðarétti til að meta hvort samningsaðilar uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt 10. og 11. gr.
6. Í samvinnu við vísindaráðið ber nefndinni að:
 - a) fara reglulega yfir ástand fiskistofna og benda á aðgerðir sem þörf er á til að vernda þá og hafa stjórn á þeim,
 - b) safna, greina og dreifa viðeigandi upplýsingum,
 - c) meta áhrif fiskveiðistarfsemi og annarra umsvifa mannsins á lifandi auðlindir og vistkerfi þeirra,
 - d) þróa leiðbeiningar um fiskveiðistarfsemi í vísindaskyni, og
 - e) þróa leiðbeiningar um söfnun, afhendingu, staðfestingu, aðgang og notkun gagna.
7. Nefndinni er heimilt að vísa til vísindaráðsins sérhverri spurningu er varðar vísindalegan grundvöll ákvarðana sem hún getur þurft að taka varðandi fiskauðlindir, áhrif fiskveiðistarfsemi á lifandi auðlindir, og verndun vistkerfisins þar sem slíkar auðlindir er að finna.
8. Við beitingu meginreglnanna sem settar eru fram í 3. gr. ber nefndinni, að því er varðar umráðasvæðið, að:
 - a) grípa til verndunar- og stjórnunarráðstafana í því skyni að ná markmiðum samnings þessa,
 - b) grípa til verndunar- og stjórnunarráðstafana í því skyni að lágmarka áhrif fiskveiðistarfsemi á lifandi auðlindir og vistkerfi þeirra,

- c) setja reglur um aflaheimildir og/eða magn fiskveiða og ákveða eðli og umfang þátttöku í fiskveiðum,
 - d) samþykkja ráðstafanir varðandi framkvæmd fiskveiða í vísindaskyni eins og um getur í lið (d) í 6. mgr.,
 - e) samþykkja ráðstafanir varðandi söfnun, afhendingu, staðfestingu, aðgang og notkun gagna eins og um getur í lið (e) í 6. mgr., og
 - f) samþykkja ráðstafanir er miða að því að tryggja að fánaríki uppfylli skyldur sínar með fullnægjandi hætti.
9. Nefndin skal samþykkja reglur um viðeigandi samstarf um skilvirkt eftirlit og framfylgd verndunar- og stjórnunarráðstafana sem nefndin hefur samþykkt, þar sem m.a. skal gert ráð fyrir:
- a) gagnkvæmum rétti samningsaðila til að fara um borð í skip og skoða þau innan umráðasvæðisins og ákæru af hálfu fánaríkisins og viðurlögum sem byggjast á sönnunargögnum sem fengist hafa við að farið var um borð í skip og það skoðað,
 - b) lágmarkskröfum sem gilda um skoðun fiskveiðiskipa af hálfu samningsaðila í höfnum þar sem fiskauðlindum eða vörum, sem unnar eru úr fiskauðlindum sem upprunnar eru á umráðasvæðinu, er landað,
 - c) eftirfylgniáðgerðum af því tagi sem vísað er til í 10., 11. og 12. gr. á grundvelli sönnunargagna sem aflað er við slíkar skoðanir, og
 - d) án þess að það hafi áhrif á nokkrar aðgerðir sem samningsaðili kann sjálfur að grípa til í þessu sambandi, ráðstöfunum sem miða að því að koma í veg fyrir, aftra og útrýma ólögætum fiskveiðum.
10. Nefndinni er heimilt að samþykkja ráðstafanir um mál af því tagi sem vísað er til í 8. og 9. mgr. varðandi svæði sem heyrir undir lögsögu samningsaðila, enda óski viðkomandi strandríki eftir því og það greiði atkvæði með umræddri ráðstöfun.
11. a) Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 8. mgr. skal nefndin leitast við að tryggja samræmi milli:
- i. ráðstafana er varðar stofn eða hóp stofna sem fyrirfinnast bæði á umráðasvæðinu og á svæði innan lögsögu strandríkis, eða ráðstafana sem hafa myndu áhrif vegna tengsla tegunda á stofn eða hóp stofna sem fyrirfinnast að öllu leyti eða að hluta á svæði innan lögsögu strandríkis, og
 - ii. aðgerða sem gripið er til af strandríki til stjórnunar eða verndunar þess stofns eða hóps stofna með tilliti til fiskveiðistarfsemi sem er stunduð innan svæðis er lýtur lögsögu þess.
- b) Nefndin og strandríki það er í hlut á skulu samkvæmt þessu beita sér fyrir samræmingu ráðstafana og aðgerða sem gripið er til. Til að grein þessi nái tilgangi sínum skal hvert strandríki jafnan láta nefndinni í té upplýsingar um aðgerðir sínar.
12. Ráðstafanir sem nefndin samþykkir um úthlutun veiðiheimilda á umráðasvæðinu skulu taka mið af hagsmunum samningsaðila sem hafa veitt á svæðinu í gegnum tíðina og hagsmunum viðkomandi strandríkja. Við úthlutun veiðiheimilda á Grand Banks og Flæmska hattinum skal nefndin taka sérstakt tillit til þess samningsaðila þar sem strandveiðar eiga að mestum hluta lífsviðurværi sitt undir veiðum á þeim stofnum sem tengdir eru þessum fiskimiðum og sem gert hefur víðtækar ráðstafanir til að tryggja verndun þessara stofna með alþjóðlegum aðgerðum, sérstaklega með því að hafa umsjón og eftirlit með alþjóðlegum veiðum á þessum miðum samkvæmt alþjóðlegu fyrirkomulagi um sameiginlegt eftirlit.
13. Nefndinni er heimilt að þróa verklagsferla sem fela í sér að samningsaðilar geti gripið til aðgerða, þ.m.t. viðskiptaaðgerða sem ekki fela í sér mismunun, gagnvart sérhverju fánaríki eða útgerðaraðila sem stundar fiskveiðar sem grafa undan virkni verndunar- og stjórnunarráðstafana sem nefndin hefur samþykkt. Framkvæmd viðskiptaaðgerða af hálfu samningsaðila skal samrýmast alþjóðlegum skuldbindingum hans.

7. gr.

Vísindaráðið.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í vísindaráðinu og er honum heimilt að tilnefna í það fulltrúa sína sem mega hafa með sér á fundum þess varamenn, sérfræðinga og ráðgjafa.

2. Vísindaráðið kýs sér formann og varaformann til tveggja ára í senn. Heimilt er að endurkjósa þá báða, en þeir mega ekki gegna sama embætti lengur en fjögur ár í senn.
3. Til aukafunda vísindaráðsins má boða að frumkvæði formanns, að beiðni strandríkis, eða að beiðni samningsaðila sem studd er af öðrum samningsaðila, á þeim stað og tíma sem formaður ákveður.
4. Vísindaráðið skal samþykkja og breyta eftir þörfum reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna, þ.m.t. verklagsreglum.
5. Vísindaráðinu er heimilt að stofna þær undirnefndir sem það telur nauðsynlegar til að það geti framkvæmt skyldur sínar.
6. Ákvarðanir um kosningu embættismanna, um samþykkt eða breytingar á reglum og um önnur mál er lúta að skipulagi á starfsemi ráðsins skulu teknar með meirihluta atkvæða þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti. Hver samningsaðili fer með eitt atkvæði. Engin atkvæðagreiðsla skal fara fram nema a.m.k. tveir þriðju samningsaðila séu á fundi.
7. Vísindaráðið skal setja reglur er kveða á um að fulltrúum milliríkjastofnana, aðila sem ekki eru samningsaðilar og frjálsra félagasamtaka sé heimilt að fylgjast með fundum þess, eftir því sem við á. Slíkar reglur skulu ekki fela í sér óhóflegar takmarkanir og skulu kveða á um tímanlegan aðgang að skýrslum og gögnum vísindaráðsins.
8. Í samræmi við markmið og meginreglur samningsins ber vísindaráðinu að:
 - a) vera vettvangur samráðs og samvinnu meðal samningsaðila hvað snertir rannsóknir og skipti á vísindalegum upplýsingum og skoðunum er varða fiskveiðistarfsemi og vistkerfin þar sem hún fer fram, sem og rannsóknir og mat á núverandi stöðu fiskauðlinda og stöðu þeirra til framtíðar litið, þ.á.m. á umhverfis- og vistfræðipáttum sem hafa áhrif á þær,
 - b) hvetja til samvinnu á sviði vísindarannsókna er bætt geta skort á vísindalegri þekkingu,
 - c) safna og viðhalda tölfræðilegum upplýsingum og gögnum,
 - d) gefa út eða dreifa skýrslum, upplýsingum og gögnum er varða fiskveiðistarfsemi á samningssvæðinu og vistkerfum þess, og
 - e) láta nefndinni í té vísindalegar ráðleggingar þegar nefndin fer fram á það.
9. Vísindaráðinu er heimilt:
 - a) að eigin frumkvæði að veita nefndinni ráðleggingar sem geta komið henni að gagni við framkvæmda starfa hennar,
 - b) að vinna með öðrum opinberum stofnunum eða einkastofnunum er hafa skyld markmið, og
 - c) að fara þess á leit við samningsaðila að þeir láti vísindaráðinu í té allar þær tölfræðilegu og vísindalegu upplýsingar sem það kann að fara fram á í tengslum við framkvæmd skyldna sinna.
10. Vísindaráðið skal veita vísindalega ráðgjöf um hvert það mál sem vísað er til þess af hálfu:
 - a) nefndarinnar og varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskauðlinda og vistkerfa þeirra á umráðasvæðinu, að teknu tilliti til þess hvernig málið hefur verið afmarkað af nefndinni, eða
 - b) strandríkis og varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskauðlinda og vistkerfa þeirra innan svæða sem heyra undir lögsögu þess strandríkis innan samningssvæðisins.
11. Strandríkið skal í samráði við vísindaráðið afmarka hvert það mál sem vísað er til ráðsins til athugunar. Slík verklýsing skal m.a. hafa að geyma:
 - a) lýsingu á því hvaða fiskveiðar og svæði skuli athuga,
 - b) sé beðið um vísindalegar álitserðir eða spár, lýsingu á hverjum þeim þætti eða tilgátum sem málinu eru viðkomandi og taka ber tillit til, og
 - c) þar sem það á við, lýsingu á þeim markmiðum er strandríki keppir að og ábendingu um hvort óskað sé sérstakrar ráðleggingar eða margra valkosta.
12. Almennt skal vísindaráðið veita ráðleggingar með samhljóða álit. Ef það reynist ekki mögulegt skal vísindaráðið í skýrslu sinni geta allra þeirra sjónarmiða sem sett voru fram um málið.
13. Skrifstofan skal gefa út allar skýrslur vísindaráðsins.

8. gr.

Skrifstofan.

1. Skrifstofan skal veita nefndinni, vísindaráðinu og undirnefndum þeirra þjónustu í því skyni að auðvelda þeim framkvæmd skyldna sinna.
2. Framkvæmdastjóri skal vera aðalstjórnandi skrifstofunnar.
3. Framkvæmdastjóri skipar starfslið skrifstofunnar í samræmi við þau ákvæði og reglur sem nefndin kann að setja í samráði við vísindaráðið, eftir því sem við á.
4. Framkvæmdastjóri, undir almennu eftirliti nefndarinnar, hefur yfirumsjón með starfsmönnum og starfsmannatengdum málefnum skrifstofunnar, og skal hann rækja þau önnur störf og skyldur sem nefndin ákveður.

9. gr.

Fjárhagsáætlun.

1. Sérhver samningsaðili skal greiða kostnað vegna eigin sendinefnda á fundum sem haldnir eru samkvæmt samningi þessum.
2. Nefndin ákveður framlög sem hverjum samningsaðila ber að greiða samkvæmt hinni árlegu fjárhagsáætlun á eftirfarandi grundvelli:
 - a) 10% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist milli strandríkja í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á því ári er lýkur tveimur árum fyrir upphaf fjárhagsársins,
 - b) 30% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist jafnt á milli allra samningsaðila,
 - c) 60% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist á milli allra samningsaðila í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á því ári er lýkur tveimur árum fyrir upphaf fjárhagsársins, og
 - d) árleg framlög samningsaðila sem er með færri en 300.000 íbúa skulu ekki vera hærri en sem nemur 12% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar. Í tilvikum þar sem reynir á slíka takmörkun framlags skal afgangur fjárhagsáætlunarinnar skiptast á milli hinna samningsaðilanna í samræmi við liði (a), (b) og (c).

Afli upp úr sjó sem um getur að framanverðu er sá tilkynnti afli sem tilgreindur eru í reglum um fjármál sem settar eru af nefndinni samkvæmt lið (a) í 5. mgr. 6. gr.

3. Framkvæmdastjóri skal tilkynna hverjum samningsaðila upphæð framlags er honum ber að greiða samkvæmt 2. mgr. Skal hver samningsaðili síðan inna greiðslu framlags af hendi til stofnunarinnar svo skjótt sem unnt er.
4. Framlöggin skulu greiddast í mynt þess ríkis þar sem aðalstöðvar stofnunarinnar eru staðsettar.
5. Framkvæmdastjóri skal afhenda hverjum samningsaðila drög að árlegri fjárhagsáætlun eigi síðar en sextíu dögum fyrir ársfund ásamt áætlun um framlög.
6. Samningsaðili sem gerist aðili að samningi þessum skal greiða framlag fyrir árið sem hann gerist aðili í hlutfalli við fjölda heilla mánaða ársins sem óliðnir eru frá þeim degi að telja sem hann gerist aðili að samningnum.
7. Hafir samningsaðili ekki staðið skil á framlögum sínum tvö ár í röð skal hann, nema nefndin ákveði annað, sviptur rétti til að greiða atkvæði og koma á framfæri mótmælum þar til hann hefur fullnægt fjárhagslegum skuldbindingum sínum við stofnunina.
8. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum utan stofnunarinnar, og skulu þeir valdir af nefndinni.

10. gr.

Skyldur samningsaðila.

1. Sérhver samningsaðili skal:
 - a) hrinda í framkvæmd samningi þessum og öðrum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum eða uppfylla aðrar skuldbindingar sem hann er bundinn af og afhenda nefndinni með reglulegu millibili lýsingu á þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til í því skyni að framkvæma og hlíta slíkum ráðstöfunum og skuldbindingum, þ.m.t. niðurstöðum málsmeðferðar sem um getur í lið (e) í 2. mgr. 11. gr.,
 - b) vinna með hinum samningsaðilunum að framgangi markmiða samnings þessa,

- c) grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að tryggja skilvirkni og framfylgd verndunar- og stjórnunarráðstafana sem samþykktar eru af nefndinni,
 - d) safna og skiptast á vísindalegum, tæknilegum og tölfræðilegum upplýsingum og þekkingu varðandi lifandi auðlindir og vistkerfi þeirra innan samningssvæðisins, þ.m.t. tæmandi og ítarlegum upplýsingum um aflamagn og veiðar í viðskiptaskyni, og grípa til viðeigandi aðgerða til að sannreyna að slíkar upplýsingar séu réttar,
 - e) taka lífsýni úr veiddum afla,
 - f) afhenda tímanlega þær upplýsingar sem nefndin eða vísindaráðið kann að fara fram á,
 - g) án þess að skerða lögsögu fánaríkisins og að því marki sem unnt er, grípa til aðgerða eða vinna með öðrum samningsaðilum að því að tryggja að þegnar hans og fiskveiðiskip sem eru í eigu eða eru gerð út af þegnum hans sem stunda veiðar, hlíti ákvæðum samnings þessa og þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem nefndin hefur samþykkt, og
 - h) án þess að skerða lögsögu fánaríkisins og að því marki sem unnt er, þegar viðeigandi upplýsingar hafa fengist, rannsaka tafarlaust og til hlítar og greina þegar í stað frá aðgerðum sem hann hefur gripið til vegna meintra alvarlegra brota af hálfu þegna hans, eða fiskveiðiskipa sem sigla undir erlendum fánum og eru í eigu eða eru gerð út af þegnum hans, gegn samningi þessum eða verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem nefndin hefur samþykkt.
2. Sérhver samningsaðili sem er strandríki skal reglulega láta nefndinni í té lýsingu á aðgerðum, þ.m.t. framfylgdaraðgerðum, sem hann hefur gripið til í tengslum við verndun og stjórnun deilistofna sem fyrirfinnast á hafsvæði sem heyrir undir lögsögu hans innan samningssvæðisins.

11. gr.

Skyldur fánaríkja.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að fiskveiðiskip sem hafa heimild til sigla undir fána hans:
 - a) hlíti ákvæðum samnings þessa og þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem nefndin samþykkir og að slíkt skip verði ekki notuð við neina þá starfsemi sem grefur undan virkni slíkra ráðstafana,
 - b) stundi ekki fiskveiðar í leyfisleysi á svæðum sem heyra undir lögsögu ríkis á samningssvæðinu, og
 - c) stundi ekki fiskveiðar á umráðasvæðinu nema þeim hafi verið veitt heimild til þess af umræddum samningsaðila.
2. Sérhver samningsaðili skal:
 - a) ekki leyfa fiskveiðiskipum, sem hafa heimild til að sigla undir fána hans, að stunda fiskveiðar á umráðasvæðinu nema hann sé fær um að uppfylla skyldur sínar að því er slíkt skip varðar samkvæmt samningi þessum með skilvirkum hætti og í samræmi við þjóðarrétt,
 - b) halda skrá yfir þau fiskveiðiskip sem er heimilt að sigla undir fána hans og sem hann hefur veitt leyfi til að stunda fiskveiðar á umráðasvæðinu og tryggja að skráin hafi að geyma þær upplýsingar sem nefndin tilgreinir,
 - c) deila upplýsingum sem skráin sem um getur í lið (b) hefur að geyma í samræmi við það verklag sem nefndin kann að mæla fyrir um,
 - d) í samræmi við verklagsreglur sem nefndin setur, rannsaka tafarlaust og til hlítar og greina þegar í stað frá aðgerðum sem hann hefur gripið til vegna meintra brota af hálfu fiskveiðiskips, sem er heimilt að sigla undir fána hans, gegn ráðstöfunum sem nefndin hefur samþykkt, og
 - e) að því er varðar meint brot af því tagi sem vísað er til í lið (d), tryggja að til viðeigandi framfylgdaraðgerða verði gripið án tafar og að stjórnsýslu- eða dómsmál verði höfðað í samræmi við lög hans.
3. Framfylgdaraðgerðir sem gripið er til eða viðurlög sem er beitt samkvæmt lið (e) í 2. mgr. skulu vera nægilega hörð til að tryggja að reglum verði fylgt, hindra frekari brot og svipta lögbrjóta ávinningnum af ólöglegri háttsemi þeirra.

12. gr.

Skyldur hafnarríkja.

1. Þegar samningsaðili sem er hafnarríki grípur til aðgerða á grundvelli samnings þessa skal hann taka fullt tillit til réttinda og skyldna sinna samkvæmt þjóðarrétti til að stuðla að því að verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem nefndin samþykkir hafi tilætluð áhrif.
2. Sérhver samningsaðili sem er hafnarríki skal hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum um skoðun í höfn sem nefndin samþykkir.
3. Ekkert ákvæða þessarar greinar skal skerða fullveldisrétt samningsaðila yfir höfnum á eigin yfirráðasvæði.

13. gr.

Ákvarðanataka nefndarinnar.

1. Almennt skulu ákvarðanir nefndarinnar vera samhljóða. Með „samhljóða ákvörðun“ er í grein þessari átt við að engin formleg mótmæli hafi verið lögð fram á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin.
2. Ef formaður telur að fullreynt sé að ná samhljóða samkomulagi skulu ákvarðanir nefndarinnar, nema kveðið sé á um annað, teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra samningsaðila er viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu að engin atkvæðagreiðsla fari fram nema a.m.k. tveir þriðju samningsaðila séu viðstaddir. Hver samningsaðili fer með eitt atkvæði.

14. gr.

Framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

1. Sérhver ráðstöfun sem nefndin samþykkir á grundvelli 8. og 9. mgr. 6. gr. bindur hvern samningsaðila með eftirfarandi hætti:
 - a) framkvæmdastjóri skal senda öllum samningsaðilum ráðstöfun innan fimm virkra daga frá því að hún er samþykkt. Skal vegna 2. mgr. tilgreina sendingardag hennar, og
 - b) með fyrirvara um 2. mgr. og ef ekki er mælt fyrir um annað í ráðstöfuninni verður hver samningsaðili bundinn af henni þegar sextíu dagar eru liðnir frá sendingardegi.
2. Komi einhver samningsaðili mótmælum við ráðstöfun á framfæri við framkvæmdastjóran innan sextíu daga frá sendingardegi hennar sem greindur er samkvæmt lið (a) í 1. mgr., þá getur sérhver annar samningsaðili á sama hátt mótmælt innan tuttugu daga viðbótarfrests, eða innan fimmtán daga frá sendingardegi sem greindur er í tilkynningu til samningsaðila um sérhver þau mótmæli sem fram koma innan hins tuttugu daga viðbótarfrests, hvorn daginn sem síðar verður. Ráðstöfunin verður þá bindandi gagnvart öllum samningsaðilum öðrum en þeim, sem komið hafa mótmælum á framfæri. Þó skal ráðstöfunin ekki verða bindandi ef mótmæli hafa verið borin fram innan slíks viðbótartímabils eða tímabila af meirihluta samningsaðila, nema einhverjir eða allir samningsaðilar samþykki engu að síður sín á milli að vera bundnir af ráðstöfuninni frá þeim degi sem þeir hafa komið sér saman um.
3. Hver sá samningsaðili sem borið hefur fram mótmæli getur hvenær sem er afturkallað mótmæli sín og verður ráðstöfunin þá bindandi gagnvart honum.
4.
 - a) Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er að ári liðnu frá því að ráðstöfun tekur gildi tilkynnt framkvæmdastjóra um þá ætlun sína að vera ekki bundinn af henni. Sé sú tilkynning ekki afturkölluð verður ráðstöfunin ekki lengur bindandi fyrir þann aðila að ári liðnu frá þeim degi er framkvæmdastjóra berst tilkynningin.
 - b) Hvenær sem er eftir að ráðstöfun missir gildi gagnvart samningsaðila samkvæmt lið (a) skal hún eigi vera bindandi fyrir nokkurn annan samningsaðila frá þeim degi er framkvæmdastjóra berst tilkynning um að viðkomandi samningsaðili ætli ekki lengur að vera bundinn af henni.
5. Sérhver samningsaðili sem leggur fram mótmæli við ráðstöfun samkvæmt 2. mgr. eða tilkynnir um ætlun sína að vera ekki lengur bundinn af ráðstöfun samkvæmt 4. mgr. skal á sama tíma greina frá ástæðunum sem liggja að baki ákvörðun hans. Í slíkri skýringu skal hann greina frá því hvort hann telji að ráðstöfunin samrýmist ekki ákvæðum samnings þessa eða hvort hann telji að ráðstöfunin feli í sér, að formi eða efni, óréttmæta mismunun gagnvart sér. Í skýringunni skal

einnig greint frá þeim aðgerðum sem samningsaðilinn hyggst grípa til í kjölfar mótmælanna eða tilkynningarinnar, þ.m.t. þeim öðrum ráðstöfunum sem hann hyggst gera eða hefur gert til að vernda eða stjórna umræddum fiskauðlindum í samræmi við markmið samnings þessa.

6. Framkvæmdastjóri skal þegar í stað tilkynna öllum samningsaðilum um:
 - a) móttöku eða afturköllun mótmæla samkvæmt 2. eða 3. mgr.,
 - b) þann dag er ráðstöfun verður bindandi samkvæmt 1. mgr.,
 - c) móttöku tilkynningar samkvæmt 4. mgr., og
 - d) skýringu og lýsingu á öðrum ráðstöfunum sem honum berast samkvæmt 5. mgr.
7. Sérhver samningsaðili sem nýtir sér rétt sem honum er veittur samkvæmt 2., 4. eða 5. mgr. er á sama tíma heimilt að skjóta málinu til sérnefndar sem sérstaklega er sett á laggirnar í þeim tilgangi. Viðauki II gildir að breyttu breytanda.
8. Ef samningsaðili skýtur ekki máli til sérnefndar í samræmi við 7. mgr. skal nefndin ákveða með einföldum meirihluta í póstatkvæðagreiðslu hvort vísa skuli skýringu, sem umræddur samningsaðili veitir samkvæmt 5. mgr., til slíkrar sérnefndar. Ef nefndin ákveður að vísa málinu til sérnefndar gildir viðauki II að breyttu breytanda.
9. Ef nefndin ákveður að vísa málinu ekki til sérnefndar í samræmi við 8. mgr. er hverjum samningsaðila heimilt að óska eftir nefndarfundi þar sem farið verði yfir ráðstöfunina sem nefndin samþykkti og skýringu sem veitt er samkvæmt 5. mgr.
10. Sérnefnd sem sett er á laggirnar á grundvelli 7. eða 8. mgr. skal fara yfir skýringuna sem veitt er samkvæmt 5. mgr. og ráðstöfunina sem hún varðar og veita nefndinni álit sitt á því:
 - a) hvort skýring samningsaðilans samkvæmt 5. mgr. sé vel ígrunduð, og ef svo er, hvort rétt sé að breyta eða afturkalla ráðstöfunina á þeim grundvelli, eða ef skýringin er ekki talin vel ígrunduð, hvort ráðstöfunin eiga að gilda áfram,
 - b) hvort þær aðrar ráðstafanir sem samningsaðilinn gerði grein fyrir samkvæmt 5. mgr. samrýmist samningi þessum og brjóti ekki í bága við réttindi nokkurs samningsaðila.
11. Nefndin skal koma saman til að ræða tillögur sérnefndarinnar eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að störfum hennar samkvæmt grein þessari er lokið.
12. Þegar málsmeðferð samkvæmt 7. til 11. mgr. er lokið er hverjum samningsaðila heimilt að grípa til þeirra úrræða sem lýst er í 15. gr. varðandi úrlausn deilumála.

15. gr.

Úrlausn deilumála.

1. Samningsaðilar skulu vinna saman í því skyni að koma í veg fyrir deilur.
2. Ef upp kemur deila á milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, þ.m.t. skýringuna sem um getur í 5. mgr. 14. gr., aðgerðir sem samningsaðili grípur til í kjölfar mótmæla sem lögð eru fram samkvæmt 2. mgr. 14. gr. eða tilkynningar samkvæmt 4. mgr. 14. gr., þá skulu umræddir samningsaðilar, hér eftir nefndir „deiluaðilar“, freista þess að leysa úr deilunni með samningaviðræðum, fyrirspurnum, sáttumleitan, málamiðlun, gerðardómsmeðferð, dómssátt, málskoti til sérnefndar eða öðrum friðsamlegum leiðum að þeirra vali.
3. Ef deila varðar túlkun eða framkvæmd ráðstöfunar sem nefndin hefur samþykkt á grundvelli 8. og 9. mgr. 6. gr. eða tengd mál, þ.m.t. skýringuna sem um getur í 5. mgr. 14. gr., aðgerðir sem deiluaðili grípur til í kjölfar mótmæla sem lögð eru fram samkvæmt 2. mgr. 14. gr. eða tilkynningar samkvæmt 4. mgr. 14. gr., þá er deiluaðilum heimilt að vísa deilunni til óskuldbindandi sérnefndar í samræmi við viðauka II.
4. Ef deilu er vísað til sérnefndar skal sérnefndin ráðfæra sig við deiluaðila við fyrsta tækifæri í því skyni að leysa úr deilunni með skjótum hætti. Sérnefndin skal afhenda deiluaðilunum, og einnig öðrum samningsaðilum með milligöngu framkvæmdastjóra, skýrslu. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir þeim tillögum sem sérnefndin leggur fram til lausnar deilunni.
5. Ef deiluaðilar samþykkja tillögur sérnefndarinnar skulu þeir innan fjórtán daga frá því að þeim berst skýrsla sérnefndarinnar tilkynna öllum öðrum samningsaðilum, með milligöngu framkvæmdastjóra, um þær aðgerðir sem þeir hyggjast grípa til í því skyni að hrinda tillögunum í framkvæmd. Má þá leggja tillögur sérnefndarinnar fyrir nefndina til umfjöllunar í samræmi við viðeigandi verklagsreglur hennar.

6. Takist ekki að leysa úr deilu á grundvelli tillagna sérnefndarinnar er hverjum deiluaðila heimilt að vísa deilunni til lögbundinnar málsmeðferðar sem leiðir til bindandi úrskurðar í samræmi við 2. gr. XV. hluta samningsins frá 1982 eða VIII. hluta samningsins frá 1995.
7. Ef deiluaðilar samþykkja að vísa deilu til sérnefndar er þeim á sama tíma heimilt að gera með sér samkomulag um að hlíta viðkomandi ráðstöfun sem nefndin samþykkti til bráðabirgða þar til sérnefndin hefur kynnt skýrslu sína, nema þeim takist að leysa úr deilunni með öðrum hætti.
8. Ef deiluaðilar geta ekki leyst úr deilu með friðsamlegum úrræðum af því tagi sem vísað er til í 2. mgr. eða geta ekki náð annars konar sátt, þá skal deilunni, að beiðni eins þeirra, vísað til lögbundinnar málsmeðferðar sem leiðir til bindandi úrskurðar í samræmi við 2. gr. XV. hluta samningsins frá 1982 eða VIII. hluta samningsins frá 1995.
9. Ef deilu er vísað til lögbundinnar málsmeðferðar sem leiðir til bindandi úrskurðar, þá skulu deiluaðilar til bráðabirgða, nema þeir komist að samkomulagi um annað, fara eftir sérhverjum tillögum sem sérnefndin leggur fram samkvæmt 4. mgr. eða, þar sem við á, 10. mgr. 14. gr. Þeir skulu halda áfram að fara eftir slíkum bráðabirgðatillögum eða sambærilegu fyrirkomulagi sem þeir hafa samið um sín á milli þar til dómstóll eða úrskurðaraðili sem hefur lögsögu yfir deilunni mælir fyrir um bráðabirgðaráðstafanir eða kveður upp úrskurð, eða þar til ráðstöfunin sem um ræðir fellur úr gildi.
10. Tilkynningarákvæði 5. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um bráðabirgðaráðstafanir sem beitt er samkvæmt 7. mgr. eða sem aðilum er gert að fara eftir samkvæmt 9. mgr., sem og um sérhvern úrskurð dómstóls eða úrskurðaraðila sem deilunni hefur verið vísað til.
11. Dómstóll, úrskurðaraðili eða sérnefnd, sem deilu hefur verið vísað til á grundvelli þessarar greinar, skulu beita viðeigandi ákvæðum samnings þessa, samningsins frá 1982, samningsins frá 1995, almennt viðurkenndum stöðlum er varða verndun og stjórnun lifandi auðlinda og öðrum þjóðréttarreglum sem stangast ekki á við samning þennan, í því augnamiði að ná markmiðum samnings þessa.
12. Ekkert í samningi þessum skal notað eða túlkað þannig að það aftri deiluaðila, í krafti stöðu sinnar sem aðildarríki að samningnum frá 1982, frá því að vísa deilunni til lögbundinnar málsmeðferðar sem leiðir til bindandi úrskurðar gagnvart öðru aðildarríki á grundvelli 2. gr. XV. hluta samningsins frá 1982, eða í krafti stöðu sinnar sem aðildarríki að samningnum frá 1995, frá því að vísa deilunni til lögbundinnar málsmeðferðar sem leiðir til bindandi úrskurðar gagnvart öðru aðildarríki á grundvelli 30. gr. samningsins frá 1995.

16. gr.

Samvinna við aðila sem ekki eru samningsaðilar.

1. Ef skip sem hefur rétt til að sigla undir fána aðila sem ekki er samningsaðili stundar fiskveiðar á umráðasvæðinu, þá skal nefndin óska eftir fullri samvinnu við stofnunina af hálfu fánaríkisins, annaðhvort með því að það gerist samningsaðili eða samþykki að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem nefndin hefur samþykkt.
2. Samningsaðilar skulu:
 - a) skiptast á upplýsingum um fiskveiðar á umráðasvæðinu af hálfu skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána aðila sem ekki er samningsaðili og um sérhverjar aðgerðir sem þeir hafa gripið til í því skyni að bregðast við slíkum veiðum,
 - b) gera ráðstafanir sem samrýmast samningi þessum og þjóðarétti til þess að aftra skipum sem hafa rétt til að sigla undir fána aðila sem ekki er samningsaðili frá því að stunda fiskveiðar sem grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana sem nefndin hefur samþykkt,
 - c) gera aðila sem ekki er aðili að samningi þessum viðvart um allar fiskveiðar sem þegnar hans eða skip sem hafa rétt til að sigla undir fána hans stunda og grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana sem nefndin hefur samþykkt, og
 - d) leita eftir samstarfi við sérhvern aðila sem ekki er samningsaðili sem bent hefur verið á að stundi innflutning, útflutning eða endurútflutning á fiskafurðum sem rekja má til fiskveiðistarfsemi á samningssvæðinu.

17. gr.

Samvinna við aðrar stofnanir.

Stofnunin skal:

- a) eiga samstarf, eftir því sem við á, um sameiginleg hagsmunamál við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, við aðrar sérhæfðar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar viðeigandi stofnanir,
- b) leitast við að þróa vinnutengsl á samvinnugrundvelli og er henni heimilt að gera samninga í því sambandi við milliríkjastofnanir sem geta orðið henni að gagni og búa yfir getu til að tryggja langtíma verndun og sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda og vistkerfa þeirra. Henni er heimilt að bjóða slíkum stofnunum að senda áheyrnarfulltrúa á fundi stofnunarinnar eða undirstofnana hennar. Einnig getur hún óskað eftir því að fá að taka þátt í fundum slíkra stofnana eftir því sem við á, og
- c) vinna með öðrum viðeigandi svæðisbundnum stofnunum á sviði fiskveiðistjórnunar með hliðsjón af verndunar- og stjórnunarráðstöfunum þeirra.

18. gr.

Endurskoðun.

Nefndin skal endurskoða og meta með reglubundnum hætti hvort ákvæði samnings þessa séu fullnægjandi og, ef nauðsyn krefur, leggja til hvernig megi breyta efni hans og framkvæmd til að bæta úr vanköntum sem koma í veg fyrir að markmiðum hans sé náð.

19. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og ef annað er ekki sérstaklega tekið fram skulu tilvísanir í samning þennan einnig teljast taka til viðaukanna.

20. gr.

Góð trú og misbeiting réttinda.

Samningsaðilar skulu uppfylla skuldbindingar þær sem þeir takast á hendur samkvæmt samningi þessum í góðri trú og skulu neyta réttinda sem viðurkennd eru í samningi þessum án þess að gerast sekir um misbeitingu réttinda.

21. gr.

Tengsl við aðra samninga.

1. Samningur þessi skal ekki verða til þess að breyta réttindum og skuldbindingum samningsaðila sem rekja má til annarra samninga sem svipar til samnings þessa og hafa ekki áhrif á hvernig aðrir samningsaðilar fá notið réttinda sinna eða efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Ekkert í samningi þessum skal skerða réttindi, lögsögu og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum frá 1982 eða samningnum frá 1995. Samning þennan skul túlka og honum skal beitt í samhengi og til samræmis við samninginn frá 1982 og samninginn frá 1995.

22. gr.

Breytingar á samningi þessum.

1. Sérhver samningsaðili getur komið fram með tillögu um breytingu á samningi þessum til athugunar og afgreiðslu nefndarinnar á ársfundi sínum eða á aukafundi. Sérhver slík tillaga skal send til framkvæmdastjórans a.m.k. níutíu dögum fyrir fund þann sem lagt er til að tillagan verði afgreidd á. Skal framkvæmdastjórinn tafarlaust senda tillöguna til allra samningsaðila.
2. Til að tillaga um breytingu hljóti samþykki þarf þrjá fjórðu meirihluta atkvæða allra samningsaðila. Vörsluríkið skal senda texta samþykkrar breytingartillögu til allra samningsaðila.
3. Breyting skal taka gildi fyrir alla samningsaðila eitt hundrað og tuttugu dögum eftir sendingardag þann er tilgreindur er í tilkynningu vörsluríkis um móttöku skriflegs samþykkis þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila, nema einhver samningsaðilanna tilkynni vörsluríkinu að hann mótmæli breytingunni innan níutíu daga frá sendingardegi þeim sem tilgreindur er í tilkynningu vörslu-

rákisins um slíka móttöku, og skal þá breyting ekki taka gildi fyrir nokkurn samningsaðila. Sérhver samningsaðili sem mótmælt hefur breytingu getur hvenær sem er afturkallað mótmælin. Séu öll mótmæli við breytingu, sem hefur verið samþykkt af þremur fjórðu hlutum allra samningsaðila, afturkölluð, skal breyting taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum eitt hundrað og tuttugu dögum eftir sendingardag þann sem tilgreindur er í tilkynningu vörsluríkisins um móttöku síðustu afturköllunar.

4. Hver sem gerst hefur aðili að samningi þessum eftir að breyting hefur verið samþykkt í samræmi við 2. mgr. skal álitinn hafa samþykkt breytinguna.
5. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna öllum samningsaðilum um móttöku tilkynninga um samþykki breytinga, móttöku tilkynninga um mótmæli eða afturköllun mótmæla, og gildistöku breytinga.
6. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 5. mgr. getur nefndin með tveimur þriðju meirihluta atkvæða allra samningsaðila:
 - a) að teknu tilliti til ráðlegginga vísindaráðsins, ef hún telur það nauðsynlegt af stjórnunarlegum ástæðum, skipt umráðasvæðinu í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði, stjórnunardeilissvæði og undirdeilissvæði, eftir því sem við á. Mörk allra slíka undirsvæða, deilissvæða og undirdeilissvæða skulu skilgreind í viðauka I,
 - b) að beiðni vísindaráðsins, ef hún telur það nauðsynlegt af stjórnunarlegum, vísindalegum eða tölfræðilegum ástæðum, breytt mörkum vísindalegra og tölfræðilegra undirsvæða, deilissvæða og undirdeilissvæða sem ákveðin eru í viðauka I, enda hljóti slík breyting samþykki sérhvers strandríkis sem verður fyrir áhrifum af henni.“

4. gr.

22. gr. verður 23. gr.

5. gr.

23. gr. er felld brott.

6. gr.

24. og 25. greinar eru felldar brott og í staðinn koma eftirfarandi greinar:

„24. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með því að tilkynna vörsluríkinu skriflega þá ákvörðun eigi síðar 30. júní ár hvert. Uppsögnin tekur gildi 31. desember þess sama árs. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna öllum öðrum samningsaðilum um uppsögnina.
2. Sérhverjum öðrum samningsaðila er þá einnig heimilt að segja samningnum upp með því að tilkynna vörsluríkinu skriflega þá ákvörðun eigi síðar en þrjátíu dögum frá afhendingu tilkynningar samkvæmt 1. mgr., og tekur slík uppsögn gildi 31. desember á því ári. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna öllum öðrum samningsaðilum um uppsögnina.

25. gr.

Skrásetning.

1. Frumriti samnings þessa skal komið í vörslu ríkisstjórnar Kanada og skal hún senda staðfest afrit til allra þeirra er samninginn hafa undirritað og allra samningsaðila.
2. Vörsluríkið skal skrásetja samning þennan og sérhverjar breytingar á honum hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.“

7. gr.

Viðaukar I – II skulu felldir brott.

8. gr.

Viðauki III skal felldur brott og í staðinn koma eftirfarandi tveir viðaukar:

VIÐAUKI I
við samninginn – Vísindaleg og tölfræðileg
undirsvæði, deilissvæði og undirdeilissvæði.

Hin vísindalegu og tölfræðilegu undirsvæði, deilissvæði og undirdeilissvæði sem mælt er fyrir um í 4. gr. samnings þessa skulu vera sem hér segir:

1(a) Undirsvæði 0

